

Mættir: Björn Sigurðsson formaður, Ingibjörg Helga Arnardóttir framkvæmdastjóri, Leifur Guðni Grétarsson mótastjóri, Viktoría Gísladóttir gjaldkeri, Bjarney Guðbjörnsdóttir, Guðrún Pálsdóttir og Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir, Júlía Þorvaldsóttir, Árni Stefánsson og Hörður Oddfríðarson

Afboða, mæta ekki : Viktoría Gísladóttir og Eyleifur Jóhannesson

Fundur 04.04.2024 settur kl. 19.00

1. Fundargerð síðasta fundar

Farið var yfir fundargerð síðasta fundar og hún samþykkt

2. Mót og starfsemi

- a. ÍM 50 verður haldið í Laugardalslaug 12.-14. apríl. Sundfélagið Ægir verður samstarfsaðili SSÍ á mótinu.
- b. Stjórn SSÍ hefur veitt unanþágu fyrir eina sundkonu frá UMFB vegna þátttöku á ÍM50. Til stóð að viðkomandi sundkona kæmi á SH mótið til að ná lágmarki á ÍM en komst ekki vegna ófærðar og veðurfars. Stjórn SSÍ barst erindi frá UMFB um leið og þessi staða kom upp og telur stjórn að um mjög óvenjulegar aðstæður hafi verið að ræða og samþykkti því unanþáguna samhljóða enda viðkomandi sundkona mjög stutt frá lágmarkum á mótið.
- c. Farið var yfir uppgjör þjónustugjalda m.v þau markmið sem sett voru. Nánar verður farið yfir málið á formannafundi þann 18. apríl n.k
- d. Farið var yfir bréf frá ÍSÍ um Lottó úthlutunarreglur, útbreiðsustyrk og ríkisstyrk til íþróttahreyfingarinnar.
- e. Sent hefur verið bréf til ÍSÍ með beini um aukafjárveitingu þar sem að ekki verður hægt að æfa í 50 m laug hér á landi í júlí vegna viðgerða á mannvirkjum. Svares er að vænta fljótlega.
- f. Farið var endanlegan ársreikning og hann samþykktur. Reikningurinn verður sendur til skoðunarmanna til samþykktar. Farið verður yfir reikninginn á formannafundi síðar í mánuðinum.
- g. Kominn er upp nýr vinkill í heimasíðumálum og uppfærslu á síðunni okkar. Leifur Guðni hefur kynnt sér málin rækilega og fór yfir þá kosti sem eru í stöðunni.
- h. Komið er nýtt streymiplatform fyrir SSÍ sem býður upp á mikla möguleika til aukinnar tekjuöflunnar og tækifæra í streyminu. Hægt er að nálgast þetta á www.sund.live
- i. Formannafundur verður haldin 18. apríl í húskynnum SSÍ. Ítrekun hefur verið send á félögin og yfirþjálfara þeirra.
- j. Starfsmannamál

3. Afreksmál

- Árangursrík ferð á Tyr Pro mótið í Chicago. Anton var í góðum gir og vann bæði 100m og 200m bringusund á góðum tímum, undir EM50 í báðum greinum. Eftir mótið fór Eyleifur í heimsókn til Virginia Tech þar sem Anton æfir að öllu jöfnu. Heimsóknin tókst vel og átti Eyleifur góðan fund með Sergio Lopez þjálfara Antons í Virginíu, þar sem þeir gátu stillt saman strengi og búið til plan fram að Ólympíuleikum.
- Snæfríður Sól synti á Vestdanske meistaramótinu 15-17. Mars. Árangurinn finn þar sem hún synti undir lágmarkum fyrir EM50 í 50m, 100m og 200m skriðsundi.
- Á ÍM50 dagana 12-14. Apríl verður valið í öll landsliðsverkefni sumarsins. Við vorum að vonast eftir betri þátttöku frá sundfólkinu okkar í USA, en engin þeirra mætir á ÍM50 að þessu sinni. Anton Mckee, Snæfríður Sól og Ýmir Sölvason eru einu sem koma á ÍM50 erlendis frá.
- Jóhanna Elín Guðmundsdóttir hefur óskað eftir að nota mót sem skólinn hennar heldur sem lágmarkamót fyrir EM50 í staðin fyrir ÍM50.
- Símon Elías Statkevicius hefur óskað eftir að nota Danish Open sem lágmarkamót fyrir EM50 í staðin fyrir ÍM50.
- Svo gæti farið að Anton Mckee mun alfarið æfa hérlendis fram að Ólympíuleikum, en það kemur endalega í ljós í næstu viku.
- Frá maí til ágúst erum við með 6 keppnisverkefni fyrir landslið og tvennar æfingabúðir. Undirbúningur fyrir öll þessu verkefni er hafin og endaleg mönnun verður komin á hreint eftir ÍM50, þegar við sjáum hverjir eru að fara í hvaða verkefni.

4. Fundargerðir og skýrslur innan SSÍ

- a. Fundargerð frá 123. fundi dómaranefndar

5. Aðsend bréf

Dags	Efni	Sendandi
02.04.2024	European Aquatics upplýsingar um mót framundan	EA
23.03.2024	World Aquatics Scholarship program	WA
27.03.2024	Appointed TCs 2023-2028	EA
25.03.2024	Bréf Útbreiðslustyrkur	ÍSí
20.03.2024	Bréf Ríkisstyrkur	ÍSí
25.03.2024	Bréf lottó	ÍSí

6. Félagaskipti

Nafn: Eydís Arna Isaksen	Fyrra félag: Breiðablik	Nýtt félag: SH	dags. mótt. 12.03.2024	Tekur gildi 10.04.2024
------------------------------------	-----------------------------------	--------------------------	----------------------------------	----------------------------------

7. Önnur mál:

- a. Tvö félög sem sendu boð til stjórnar SSÍ um að sitja aðalfundi sína. Þetta voru ÍA og SH. Björn, Leifur Guðni og Bjarney sátu fund ÍA og Björn sat fund SH. Á báðum fundum skilaði formaður kveðju til viðkomandi félaga frá stjórn SSÍ og þakkaði gott samstarf á síðasta tímabili. Stjórn SSÍ hvetur önnur félög að senda stjórn upplýsingar um aðalfundi sína þar sem stjórn hefur mikin áhuga á því að fylgjast með því sem er að gerast innan félaganna.

Ekki meira rætt og fundi slitið kl: 21.30